

# Ársskýrsla

*Skólaárið 2007—2008*

*Skólaskrifstofa Austurlands*



# Ársskýrsla

Skólaárið 2007—2008

Skólaskrifstofa Austurlands

Aðalfundur, Reyðarfirði í október, 2008.

## Efnisyfirlit

---

Inngangur	4
Starfmannahald	6
Þjónustusvæði	7
Sérfræðiþjónusta	9
Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir	17
Lokaorð	19

## Inngangur

Þetta er 12. ársskýrsla Skólaskrifstofu Austurlands sem tók formlega til starfa 1. ágúst 1996 og hefur því starfað í tólf skólaár. Skrifstofan er byggðasamlag 8 sveitarfélaga á Austurlandi (voru 22) frá Djúpavogshreppi í suðri til Vopnafjarðarhrepps í norðri. Grunnskólanemendur á svæði skrifstofunnar voru 1488 (sbr. íbúatölur Hagstofu Íslands frá 1. desember 2007) í 15 skólum skólaárið 2007 – 2008.

Æðsta vald byggðasamlagsins er í höndum aðalfundar. Hann sitja fulltrúar aðildarsveitarfélaganna með atkvæðavægi sem hér segir:

<u>Fjöldi íbúa</u>	<u>Fj. fltr.</u>	<u>Viðbót</u>	<u>Vægi atkv.</u>
0 - 200	1		= 1
201 - 550	1	+ 1	= 2
551 - 900	1	+ 2	= 3
901 - 1250	1	+ 3	= 4
1251 - 1600	1	+ 4	= 5
1601 - 1950	1	+ 5	= 6
1951 - 2300	1	+ 6	= 7
2301 - 2650	1	+ 7	= 8
2651 - 3000	1	+ 8	= 9
3001 - 3350	1	+ 9	= 10 o.s.frv.

Aðalfundur kýs fimm manna stjórn og jafnmarga til vara. Stjórnin veitir stofnuninni faglega forstöðu og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins, lögum um grunnskóla nr. 66/1995, 42. og 43. grein sem fjalla um sérfræðiþjónustu grunnskóla, reglugerð nr. 386/1999 um sérfræðiþjónustu skóla og reglugerð nr. 905/2003 um breytingu á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1999.

Helstu verkefni skrifstofunnar eru samkvæmt samningi:

Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta við grunnskóla.

Rekstur og umsjón kennslugagnamiðstöðvar, ráðgjöf um uppbyggingu og starfrækslu skólasafna sbr. 54. gr. grunnskólalaga.

Símenntun kennara, nýbreytni og þróunarstörf. Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og samtaka þeirra, menntamálaráðuneytis og annarra opinberra aðila.

Launaútreikningur fyrir öll sveitarfélög á starfssvæði skrifstofunnar skv. nánari útfærslu þar um.

Önnur mál, sem aðalfundur eða stjórn vísa til skrifstofunnar.

Ráðgjöf í deilumálum eftir því sem við á og vísað er til skrifstofunnar.

Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd grunnskólalaga.

Ráðgjöf og sálfræðiþjónusta við leikskóla sem reknir eru af aðildarsveitarfélögum. Annað, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Skólaskrifstofa Austurlands er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir eigendur sína, þ.e. sveitarfélögin, og hefur fyrir þeirra hönd yfirumsjón með ýmsum þáttum í starfi grunn- og leikskóla, þ.e. greiningu, ráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Skrifstofan hefur einnig skyldur gagnvart öllum þeim sem tengjast starfi grunnskólanna á svæðinu eins og skólastjórnendum, kennurum, forráðamönnum nemenda og nemendum. Upplýsingagjöf og ráðgjöf til þessara aðila er því mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna hjá skrifstofunni.

Á skólaárinu var framhaldið ýmsum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Skýrslan byggir á starfseminni skólaárið 2007 – 2008 og skiptist í eftirtalda efnisþætti:

Starfsmannahald  
Þjónustusvæði  
Sérfræðiþjónusta  
Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir  
Lokaorð

*Í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem kosin var á aðalfundi á Reyðarfirði þann 15. október 2007 hafa setið:*

Formaður:	Svanhvít Aradóttir, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Práinn Lárusson, Fljótsdalshéraði
Ritari:	Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Djúpavogshreppi Einar Björn Kristbergsson, Vopnafirði Elfa Rúnarsdóttir, Seyðisfirði
Til vara:	Jósef Friðriksson, Fjarðabyggð Þorbjörn Rúnarsson, Fljótsdalshéraði Páll Baldursson, Breiðdalshreppi Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshreppi Margrét Hjarðar, Borgarfjarðarhreppi

Stjórnin hélt fjóra fundi á starfsárinu.

## Starfsmannahald 2007-2008

Nokkrar breytingar urðu á starfsliði Skólaskrifstofu Austurlands á skólaárinu 2007-8. Starfsmenn voru:

**Aðalheiður Jónsdóttir** sálfræðingur 100% starfshlutfall. Hún hefur umsjón með sálfræðiþjónustu Skólaskrifstofunnar.

**Gíslunn Jóhannsdóttir** ritari 60% starfshlutfall. Hún sinnti útláni kennslugagna og ýmsum skrifstofustörfum. Gíslunn lét af störfum í desember.

**Haldóra Baldursdóttir** talmeinafræðingur 20% starfshlutfall.

**Kristín Óskarsdóttir** skrifstofumaður, 60% starfshlutfall. Hún hóf störf í desember og hefur umsjón með kennslugagnasafni og ýmsum skrifstofustörfum.

**Jarþrúður Ólafsdóttir** kennsluráðgjafi 100% starfshlutfall. Hún sinnti almennri kennsluráðgjöf, greiningu í stærðfræði, verkefnastjórn með Olweusarverkefninu í þremur skólum í Fjarðabyggð og í Egilsstaðaskóla, auk þess að hafa umsjón með Stóru upplestrarkeppninni.

**Magdalena Gunnarsdóttir** sálfræðingur hefur verið í 70% starfi við Skólaskrifstofuna síðan í byrjun nóvember 2006.

**Ruth Magnúsdóttir** kennsluráðgjafi var í launalausum leyfi og lét af störfum 1. ágúst 2007.

**Sigurbjörn Marinósson** forstöðumaður. Hann sinnti stjórnun, ráðgjöf, fjárreiðum, launaútreikningum og ýmsum upplýsingum um skólastarf.

**Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir** kennsluráðgjafi 90% starfshlutfall. Auk almennrar kennsluráðgjafar sinnti hún greiningu og ráðgjöf í lestri. Hún hafði yfirumsjón með sérfræðiþjónustu Skólaskrifstofu Austurlands. Steinunn lét af störfum 1. ágúst 2007.

**Ólafía Þórunn Stefánsdóttir** kennsluráðgjafi 100% stöðuhlutfall. Hún sinnti almennri kennsluráðgjöf og greiningu í lestri og stærðfræði.

Aðrir starfsmenn:



**Ásdís Sigurjónsdóttir** iðjuþjálfari er í 10% starfshlutfalli.

Skólaskrifstofan hafði heimild fyrir 1½ stöðu sálfræðings og selur Félagsþjónustu Fjarðabyggðar ½ stöðu sálfræðings. Þá keypti Skólaskrifstofan þjónustu af Önnu Maríu Arnfinnsdóttur, námsráðgjafa og Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur, námsráðgjafa.


## Þjónustuvæði

Á þjónustuvæði skrifstofunnar voru 9.739 íbúar 1. desember 1995. Af þeim voru 1.675 á grunnskólaaldri eða 17,20% af íbúaföldanum.


Þann 1. desember 2007 voru íbúar á svæðinu 11.781 en grunnskólanemendur 1488 og hefur nemendum því fækkað frá fyrra skólaári um 7 miðað við tölur Hagstofunnar.



Nemendafjöldi skv. Hagstofu 1. des. 2007



Nemendafjöldi 1995 - 2007





## Sérfræðipjónusta

### Starfsmannahald og stöðugildi sálfræðinga

Undanfarin ár hafa stöðugildi sálfræðinga við Skólaskrifstofuna verið tvö, þar af hefur hálf stöðugildi verið selt til Félagsþjónustu Fjarðabyggðar. Í vetur hafa sálfræðingar hins vegar einungis verið í 1,7 stöðugildi við skrifstofuna. Á skólaárinu 2006-2007 voru á tímabili 3 sálfræðingar starfandi við skrifstofuna (samsvarandi 2, 25 stöðugildum á ársgrundvelli). Það varð til þess að biðlisti sálfræðinga lengdist ekki það ár og mörg börn fengu sálfræðiaðstoð. Í vetur hefur vantað sálfræðing í ½ stöðugildi til þess að mönnun sálfræðinga sé sú sama og hún var umrætt ár. Það hefur orðið til þess að biðlisti eftir aðstoð sálfræðinga hefur lengst mikið undanfarið. Vonir standa til þess að frá hausti 2008 verði 3 sálfræðingar starfandi við Skólaskrifstofuna.

Aðalheiður Jónsdóttir hefur nú verið sálfræðingur í fullu starfi við Skólaskrifstofuna í 5 ár. Hún hefur umsjón með sálfræðipjónustu Skólaskrifstofunnar. Aðalheiður var í veikindaleyfi í 1 mánuð á skólaárinu.

Í vetur urðu ekki aðrar breytingar á starfsmannahaldi, hvað sálfræðinga varðar, nema að Magdalena Gunnarsdóttir (sem frá nóvemberbyrjun 2006 var í 50% starfshlutfalli) hefur verið í 70% starfshlutfalli í vetur. Hún mun væntanlega vera áfram í 70% stöðu.

### Starfssvið og markmið sálfræðinga

Þetta skólaár hefur starfssvið sálfræðinga við Skólaskrifstofuna verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Svo vitnað sé í samantekt sálfræðinga fyrir síðustu ársskýrslu Skólaskrifstofu þá er markmið þeirra að: "...sinna þeim beiðnum sem til skrifstofunnar berast á sem faglegastan hátt. Sífelld meiri áhersla hefur verið lögð á ráðgjöf til foreldra og kennara í framhaldi af greiningu". Því má bæta við að námskeiðahald hefur einnig orðið fyrirferðameira í vinnu sálfræðinga undanfarin ár.

Starfssviðið er mjög fjölbreytt og samstarf við Félagsþjónustu Fjarðabyggðar þýðir að sálfræðingar við Skólaskrifstofu Austurlands þurfa að hafa enn víðtækari þekkingu á valdi sínu en almennt gildir um skóla-sálfræðinga.

Til þess að gefa nokkra mynd af því hversu fjölbreyttar þekkingar er krafist að hálfu skólasálfræðinga fer hér á eftir upptalning á þeim verkefnum og vandkvæðum sem sálfræðingar Skólaskrifstofu hafa tekið að sér að aðstoða nemendur leik- og grunnskóla með á undanförunum árum. Yfirleitt er um einhverskonar greiningu á vandanum (sem getur verið nokkuð viðamikil) að ræða og ráðgjöf í framhaldi af því. Stundum er einnig um beina eða eiginlega sálfræðimeðferð að ræða. Þessi listi er ekki tæmandi.

Almennir námserfiðleikar	Skilnaður og sambúðarerfiðleikar foreldra
Sértækir námserfiðleikar	Svefnörðugleikar
Óvenju greindir nemendur	Næturvæta og hægðavandamál
Athyglisbrestur með/án ofvirkni	Mikil matvendni og streita tengd mat
Tourette heilkenni og aðrar kipparaskanir	Alvarleg líkamleg veikindi
Hegðunarvandi á heimili	Depurð og þunglyndi
Hegðunarvandi í skóla	Sjálfsvígshugsanir
Slök skólasókn	Slakt sjálfmat
Röskun á einhverfurófi	Félagslegir erfiðleikar í skóla og einelti
Kvíði, t.d. aðskilnaðarkvíði	Samskiptaerfiðleikar systkina
Fælni, t.d. félagsfælni	Systkini barna með fötlun/ erfiðleika
Námserfiðleikar og þroskaskerðing vegna skilgreindra heilkenna	Börn sem eiga foreldra í vanda (t.d. vegna afbrota, geðrænna erfiðleika eða notkunar ávanabindandi efna)
Árátta og þráhyggja	Samkynhneigð
Kynferðisleg misnotkun	Sjónskerðing og litblinda
Ofríki og harðræði foreldris	Heyrnarskerðing
Erfið samskipti heimilis og skóla	Veikindi, andlát og sjálfsvíg ættingja
Tölvufíkn	Ýmiskonar áföll
Áfengis- og fíkniefnanotkun	

Fullorðnir hafa leitað til sálfræðinga Skólaskrifstofu í gegnum Félagsþjónustu Fjarðabyggðar með margvísleg vandamál, t.d. þunglyndi, sjálfsvígshugsanir, kvíða, árattu-þráhyggju, sambúðarerfiðleika, samskiptaerfiðleika við eigin foreldra eða fyrrverandi maka og margt fleira. Augljóslega eru vandamál fullorðinna annars eðlis en barna og lausnir á vandanum því einnig aðrar, sem gerir miklar kröfur til sálfræðinga Skólaskrifstofunnar. Á vegum Félagsþjónustu hafa sálfræðingar Skólaskrifstofunnar einnig unnið að ýmiskonar barnaverndarmálum sem skólasálfræðingar sinna alla jafna ekki.

### Önnur verkefni sálfræðinga

Önnur verkefni sem sálfræðingar hafa sinnt á árinu eru m.a.:

- öflun og miðlun fagefnis á sálfræðisviði
- öflun, miðlun og gerð fræðsluefnis á sálfræðisviði, þ.á.m. á heimasíðu Skólaskrifstofunnar
- samráð við Félagsþjónustur annarra sveitarfélaga
- ýmsir fundir, m.a. vegna hugmynda um samráð stofnana sem koma að geðheilbrigðismálum barna á svæðinu

## **Verkskipting sálfræðinga og vinnutilhögun**

Magdalena hefur tekið að sér flestöll mál sem borist hafa sálfræðingum frá Félagsþjónustu Fjarðabyggðar, auk þess að sinna málum margra nemenda á mið-Austurlandi.

Aðalheiður hefur sinnt beiðnum frá leik- og grunnskólum á öllu Austurlandi í vetur, en minna komið að málefnum félagsþjónustunnar.

Langflest viðtöl við nemendur, foreldra og kennara fara fram í skólum viðkomandi barna og má því með réttu segja að öll þjónusta sálfræðinga (eins og annarra starfsmanna Skólaskrifstofu) sé nærþjónusta. Undirbúningur, úrvinnsla gagna, símaráðgjöf o.þ.h. fer hins vegar fram í húsakynnum Skólaskrifstofunnar. Oft þarf að vinna mjög mikla undirbúningsvinnu fyrir skólaheimsóknirnar (t.d. skýrsluskrif og ýmis sím-töl). Sömuleiðis þarf að vinna úr ýmsum gögnum eftir hverja heimsókn, auk þess sem sinna þarf ýmsum erindum sem berast í fjarveru sálfræðinga frá skrifstofu.

Aðalheiður hefur tekið saman yfirlit yfir ferðir sínar í skóla þetta skólaár. Til þess að nýta tíma sinn sem best í skólunum, nýta vinnutíma á skrifstofu og halda rekstrarkostnaði bifreiða í lágmarki hefur hún reynt að koma ferðum í skóla þannig fyrir að um heila daga sé að ræða. Á starfstíma skólanna fór Aðalheiður í 62 ferðir, sem samsvarar skólaheimsókn u.þ.b. þriðja hvern vinnudag. Alls fór hún í 72 heimsóknir í þessum ferðum.


## **Staða mála hjá sálfræðingum - Skólalþjónusta**

Á skólaárinu bárust sálfræðingum 133 beiðnir vegna leik- og grunnskólabarna. Alls hlutu 135 nemendur aðstoð (þar af njóta 19 nemendur enn aðstoðar). Þann 31.maí, 2008 (sem er sá dagur sem uppgjör sálfræðinga miðast við) voru 54 nemendur á biðlista eftir sálfræðiaðstoð. Hins vegar hefur mikill fjöldi beiðna borist í sumarleyfum sálfræðinga, þannig að þegar skólahald hefst að nýju haustið 2008 má gera ráð fyrir að um 90 börn bíði aðstoðar næsta haust.

## **Staða mála hjá sálfræðingum - Félagsþjónusta Fjarðabyggðar**

Sálfræðingum bárust 22 beiðnir sem skráðar eru á Félagsþjónustu Fjarðabyggðar á árinu. Alls var 27 einstaklingum veitt aðstoð á vegum félagsþjónustu. Nú við lok skólaársins eru 2 á biðlista og enn er unnið að málum 4 skjólstæðinga.

### Samanburður á fjölda mála hjá sálfræðipjónustu 2003-2008



### Yfirlit yfir fjölda mála hjá sálfræðingum 1998/9 – 2007/8

	Lokið/í gangi í skólum/fél.þj.	Lokið í skólum	Á biðlista í skólum í lok skólaárs	Fjöldi beiðna sem barst á skólaárinu - frá skólum
<b>2007-8</b> AJ & MG	135 + 27 (fél.þj.) = 162	116	54 (væntanlega ca. 90 í haust)	133
<b>2006-7</b> AJ, MG & HS	206 + 49 (fél.þj.) = 255	186	34	152
<b>2005-6</b> AJ & KJS	158 + 39 (fél.þj.) = 197	100	40	131
<b>2004-5</b> AJ & HS/KJS	183 + 31 (fél.þj.) = 214	166	33	106
<b>2003-4</b> AJ & KJS	162 + 19 (fél.þj.) = 181	139?	31	68
<b>2002-3</b> ÍB	95		ca. 60	
<b>2001-2002</b> ÍB & MK	158			
<b>2000-2001</b>	135			
<b>1999-2000</b>	146			
<b>1998-1999</b>	92			

Undanfarin ár hefur verið sífelld aukning í fjölda þeirra beiðna sem berast sálfræðingum árlega. Tiltölulega fáar afgreiddar beiðnir í ár má aðallega skýra með minna starfshlutfalli sálfræðinga en undanfarin ár. Minnt skal á að í vetur var stöðuhlutfall sálfræðinga 1,7 og að Skólaskrifstofan er bundin af því að selja Félagsþjónustu Fjarðabyggðar vinnu sálfræðings sem svarar hálfu starfi. Alls komu sálfræðingar að málum 162 einstaklinga (á vegum skóla og félagsþjónustu) sem verður að teljast vel við unandi miðað við aðstæður. Miðað við reynslu undanfarinna ára – og að um algera lágmarksþjónustu sé að ræða – má segja raunhæft að gera ráð fyrir að sálfræðingur í fullri vinnu og með töluverða starfsreynslu geti náð að sinna um 80 einstaklingum árlega. Það er umtalsvert meira en ætlast er til af skólasálfræðingum á höfuðborgarsvæðinu.

## Framtíðarsýn

Vegna mannekle hafa sálfræðingar Skólaskrifstofu ekki getað sinnt ýmsum verkefnum eins og hugur þeirra stendur til og notendur þjónustunnar óska eftir. Vonir standa hins vegar til að með fleiri stöðugildum sálfræðinga geti Skólaskrifstofan á næstunni boðið upp á enn betri þjónustu en hingað til. Fyrst um sinn mun forgangsatriði sálfræðinga vera að reyna að stytta biðlista og biðtíma eftir aðstoð.

Nýlega var ráðinn sálfræðingur til starfa á Heilbrigðisstofnun Austurlands sem mun vinna að málefnum barna og ungmenna. Sálfræðingar á Skólaskrifstofu binda vonir við að sú ráðning eigi þátt í að bæta aðgengi og auka fjölbreytni í sálfræðiþjónustu við börn á Austurlandi. Jafnframt horfa sálfræðingar Skólaskrifstofu björtum augum fram á við og vænta góðs samstarfs við starfsmenn Heilbrigðisstofnunarinnar.

Eins og annars staðar á landinu hefur börnum með greiningu á einhverfurófi farið fjölgandi á Austurlandi. Börn með einhverfu þurfa mjög sérhæfð úrræði og brýnt er að austfirskum nemendum með þessháttar vanda, starfsfólki skóla og foreldrum sé veitt meiri ráðgjöf en hingað til. Sálfræðingar Skólaskrifstofu vilja mjög gjarnan leggja sitt af mörkum til þess að þessum börnum líði sem best í skólanum og fái kennslu við hæfi. Vegna álags hafa sálfræðingar hins vegar ekki getað sinnt þessum málum nógu vel hingað til. Vonandi stendur það til bóta.



## Kennsluráðgjöf

Starfssvið kennsluráðgjafa felst m.a í greiningu á lestrar– stærðfræði og stafsetningarerfiðleikum og ráðgjöf varðandi kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál og að aðstoða leik– og grunn-skólakennara við að skipuleggja námskrá nemenda með alvarleg hegðunar– og samskiptavandamál, handleiðslu vegna nemenda með sérþarfir, Greiningu og ráðgjöf vegna slaks framburðar, málskilnings og tjáningar. Kennsluráðgjafar sitja oft á teymisfundi sem haldnir eru vegna nemenda með þroskafrávik eða hegðunarvandamál.

Skólaskrifstofan hefur haft umsjón með skipulagningu og framkvæmd *Stóru Upplestrarkeppninnar* á starfssvæði skrifstofunnar. Í því felst m.a. formennska í héraðsnefnd keppninnar, samskipti við undirbúningsnefnd keppninnar, skipulagning og framkvæmd lokahátíða í fjórðungnum.

Þá hefur skrifstofan farið með verkefnisstjórn **Olweusarverkefnisins** (eineltisáætlanir) í Grunnskóla Reyðarfjarðar, Grunnskóla Eskifjarðar, Nesskóla og Grunnskólanum á Egilsstöðum og Eiðum. Olweusaráætlun gegn einelti er forvarnarverkefni sem hefur að markmiði að bæta líðan nemenda í skólum, skapa uppeldisfræðilega umræðu meðal starfsfólks og stuðla að bættum samskiptum og góðum skólaanda.

Verkefnastjóri er Jarþrúður Ólafsdóttir.

### Greiningar stærðfræðiörðugleika með Talnalykli

Alls voru gerðar 26 hópskimanir og 69 einstaklingsgreiningar með Talnalykli. Greiningunum var öllum skilað á fundum með foreldrum og kennurum í viðkomandi skólum.

### Lestrarskimanir GRP14h og lestrargreiningar

Alls voru gerðar 10 lestrarskimanir á bekkjum (9. bekk). Unnar voru 92 einstaklingsgreiningar á lestrarerfiðleikum og var þeim öllum skilað á sérstökum fundum með kennurum og foreldrum. Í einum skóla var GRP14 lagt fyrir og unnið úr niðurstöðum. Þá var GRP14 lagt fyrir 10 fullorðna einstaklinga sem stunda framhaldsnám eða eru á leið í framhaldsnám.

### Teymisfundir

Á starfsárinu áttu kennsluráðgjafar sæti í 9 teymum ásamt foreldrum og kennurum vegna einstaklinga í grunnskólum og sóttu alls 31 teymisfundi vegna þeirra. Þá sat kennsluráðgjafi í 2 teymum vegna náms- hópa og sótti alls 6 teymisfundi vegna þeirra. Einn skóli óskaði eftir fulltrúa Skólaskrifstofunnar á nemendaverndarráðsfundi og voru fundirnir 6 talsins.

### Viðvera í skólum

Á skólaárinu hafði Jarþrúður viðveru í Nesskóla, Grunnskóla Eskifjarðar, Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogs. Alls var um 5 viðverutíma að ræða í hverjum skóla. Ólafía hafði viðveru í Vopnafjarðarskóla, Brúarásskóla, Hallormsstaðaskóla, Fellaskóla, Grunnskólanum á Egilsstöðum og Eiðum, Grunnskólanum á Borgarfirði og Seyðisfjarðarskóla. Viðvera var með sex vikna millibili.

Í viðveru var ýmsum málum sinnt, ráðgjöf og spjalli um eitt og annað sem brann á starfsmönnum og stjórnendum bæði varðandi nemendur, eigin kennslu og annað sem þeir vildu ræða um. Einnig var nokkrum sinnum rætt við nemendur sem eiga við vanda að stríða.

### Talmeinafræðingur

Halldóra Baldursdóttir talmeinafræður lauk 21 einstaklingsmálum í grunnskólum og 24 í leikskólum. Hún lauk alls 45 einstaklingsmálum. Við lok skólaárs voru 4 beiðnir í bið m.a. vegna fjarveru og veikinda nemenda. Í flestum málum er nemendur hittir í upphafi, unnið úr gögnum og skilafundir haldnir með kennurum og foreldrum. Í einstaka málum er um að ræða eftirfylgd og reglulegt endurmat að ræða.

### Námsráðgjöf

Námsráðgjöf stóð þeim skólum til boða sem ekki hafa námsráðgjafa innan skólanna. Ráðgjöfin sem veitt var í skólunum var bæði einstaklings– og hópráðgjöf fyrir nemendur og foreldra. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Anna María Arngrímsdóttir námsráðgjafar sinntu þessari ráðgjöf á skólaárinu.

## Forvarnarstarf

Eins og undanfarin ár hefur forvarnarstarf verið ríkur þáttur í starfsemi Skólaskrifstofunnar.


Í leikskólum hefur skimunarprófið **HJÓM-2** verið lagt fyrir elstu nemendurna að hausti og aftur í febrúar. HJÓM-2 er könnun á mál- og hljóðkerfisvitund leikskólabarna. Skólaskrifstofan fær að fylgjast með frammistöðu nemenda og leggur fyrir nemendur málþroskapróf ef niðurstaðan er slök. Í öllum leikskólum eru kennarar með réttindi til að leggja prófið fyrir.

Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu skal sérfræðiþjónustan fylgjast reglulega með framförum í lestri hjá **grunnskólabörnum** og bregðast við vanda sem upp kemur jafnóðum allt til loka grunnskólans. Sérfræðiþjónustan skal aðstoða skóla við greiningu lestrarerfiðleika og veita kennurum ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við.


**LÆSI-** lestrarskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Skólaskrifstofan fylgist með frammistöðu nemenda og leggur til greiningu og ráðgjöf í framhaldi af því, ef þörf krefur. Læsis- skimunarprófin hafa verið lögð fyrir í umdæminu frá árinu 1999. Allir skólar leggja það fyrir og árangurinn hefur smám saman verið að stíga upp á við, þ.e. kennarar eru orðnir meðvitaðri um hvaða þættir það eru sem nauðsynlegt er að leggja áherslu á í byrjendakennslunni til að draga úr lestrarerfiðleikum.

**GRP 14** (greinandi lestrar- og stafsetningarpróf) er lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk. Ef fram koma vísbendingar um lestrarörðugleika (umskráningar-örðugleika) þá er nemendum boðið upp á einstaklingsgreiningu. Nemendur hafa þá fengið staðfestingu á lestrarerfiðleikum sínum og geta fengið ýmsan stuðning þegar í framhaldsskóla kemur.


**Stærðfræðiskimun** með **Talnalykli** hefur farið fram í 3. og 6. bekk í flestum skólum og kennsluráðgjafar aðstoða skóla við úrvinnslu. Á næsta skólaári er lagt til að skima aðeins í 3. bekk. Kennarar eru hvattir til að nýta niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk sem skimun.



### Fjöldi sérfræðimála alls



Vakin er athygli á því að ofangreindar tölulegar upplýsingar eiga við einstaklingsmál í flestum tilvikum, en teymisvinna, fræðsla og önnur vinna svo sem vinna við Olweusarverkefnið er ekki inni í þessum tölum. Þær upplýsingar er hér í skýrslunni undir kaflanum endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir.





## Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir

Á svæði Skólaskrifstofu Austurlands hefur Skólaskrifstofan haft frumkvæði að námskeiðahaldi í samvinnu við skólastjórnendur og aðra aðila undanfarin ár. Þátttaka á námskeiðum hefur verið mjög góð. Brýnt er að halda áfram á svipaðri braut í endurmenntunarmálum, þ.e. að hafa sameiginleg sumarnámskeið þó svo að Skólaskrifstofan og einstakir skólar standi einnig fyrir styttri námskeiðum og fræðslufundum á skólatíma.

Menntamálaráðuneytið auglýsti styrki úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem fyrr. Ákveðið var að veita styrki til 87 verkefna árið 2008, samtals rúmar 18 milljónir króna. Auk þess ákvað stjórn sjóðsins að veita þriggja millj. kr. styrk til Olweusarverkefnis gegn einelti.

Skólaskrifstofa Austurlands hlaut kr. 582.000,- í styrki til að halda eftirfarandi fjögur námskeið:

- *Bekkjartjórnun á dögum einstaklingsmiðunar*
- *Hlutverkaleikir - Leiklist gegn einelti og vanlíðan*
- *Skemmtilegt skólastarf, líka fyrir drengi*
- *Skapandi og árangursríkt skólastarf*



Þessi fjögur námskeið sóttu rúmlega 200 starfsmenn skóla.

Að auki hélt Skólaskrifstofan eftirfarandi námskeið og fræðslufundi fyrir foreldra og kennara á síðastliðnu skólaári, ýmist sjálf eða í samstarfi við aðra:

- Erindi á skólafærninámskeiði fyrir foreldra í Nesskóla. 11.9.2007 (AJ).
- Erindi á skólafærninámskeiði fyrir foreldra á Eskifirði. 22.10.2007 (AJ)
- Erindi á foreldrakvöldi á Eskifirði. 25.10.2007 (AJ).
- Stærðfræði ungra barna. Námskeið fyrir foreldra barna í 1. bekk í Nesskóla, 19. september 2007 (JÓ).
- Samskipti starfsmanna innbyrðis og við börn. Fræðslufundur fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar 12. nóvember 2007 (JÓ).
- Lestur og lesskilningur námskeið fyrir kennara á Eskifirði (2x ½ dagur). 25. mars og 22. apríl 2008 (JÓ).
- Ofvirkni og athyglisbrestur – ADHD samtökin í samvinnu við Skólaskrifstofu. 20.-21. 9. 2007.
- PISA 2006—fundur um niðurstöður Pisa rannsókninni (samstarf Námsmatsstofnunar og Skóla skrifstofu).

### Fundir og fræðsla vegna Olweusarverkefnis gegn einelti

Kynningarfundur fyrir starfsfólk um Olweusaráætlun 7. september 2007 í Grunnskóla Reyðarfjarðar

Kynningarfundur fyrir starfsfólk um Olweusaráætlun 26. september 2007 í Grunnskóla Eskifjarðar.

Kynningarfundur fyrir starfsfólk um Olweusaráætlun 25. september 2007 í Nesskóla.

Kynningarfundur fyrir foreldra um Olweusaráætlun 25. september 2007 í Grunnskóla Reyðarfjarðar.

Kynningarfundur fyrir starfsfólk um Olweusaráætlun 17. september í Grunnskóla Egilsstaða og Eiða.

Námskeið fyrir lykilmenn og oddvita skólanna þriggja 4. október 2007 á Eskifirði og 6. mars 2008 í Neskaupstað.

Námskeið fyrir lykilmenn og oddvita í Egilsstaðaskóla, 7. janúar 2008, 18. febrúar 2008, 14. apríl 2008.

Kynningarfundir fyrir starfsmenn í Grunnskólanum Egilsstöðum, Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar, Grunnskóla Eskifjarðar og Grunnskóla Reyðarfjarðar 16. janúar 2008.

Kynningarfundir fyrir starfsmenn Grunnskóla Stöðvarfjarðar og Nesskóla 17. janúar 2008.

Fræðsla fyrir foreldra og kynning á niðurstöðum eineltiskönnunar í Egilsstaðaskóla 6. febrúar 2008.

Kynning á Olweusaráætlun á fræðslunefndarfundum Fræðslunefndar Fljótsdalshéraðs 12. febrúar 2008.

Fræðslufundur fyrir foreldra um Olweusaráætlun í Grunnskóla Reyðarfjarðar 19. febrúar 2008.

Fræðslufundur fyrir foreldra um Olweusaráætlun í Grunnskóla Eskifjarðar 26. mars 2008.

Fræðslufundur fyrir foreldra um Olweusaráætlun í Nesskóla 17. apríl 2008.

Kynningarfundur fyrir stýrihóp Egilsstaðaskóla 3. júní 2008.

### **Starfsfólk skrifstofunnar sótti ýmsa fræðslufundi, ráðstefnur og málþing á starfsárinu**

- Geðheilbrigðisþjónusta barna í dreifbýli – Símei Akureyri. 17.8. 2008.
- Tilfinningaraskanir - BUGL og HSA, Egilsstöðum. 7.1. 2008.
- Mat á ADHD - BUGL og HSA, Egilsstöðum. 25.1.2008.
- Samskipti foreldra og barna, Húgó Þórisson - Foreldrafélag Nesskóla. 6.3. 2008.
- Ráð við reiði - Endurmenntun Háskóla Íslands. 12.3. 2008.
- Fræðsludagar, lestur og lesskilningur á vegum Lestrarseturs Rannveigra Lund 24. – 25. ágúst 2007.
- Olweusarnámskeið 27. – 28. ágúst 2007; 8. – 9. nóvember 2007; 24. – 25. janúar 2008; 22. – 23. maí 2008.
- Málþing Olweusaráætlunar í Reykjavík 29. febrúar 2008.
- Heilalömun- CP. Greiningar og ráðgjafarstöð Íslands. Egilsstaðir 20. ágúst 2007.
- Íslenski smábarnalistinn. Námsmatsstofnun, Egilsstöðum 2007.
- Vinir Zippýs- námskeið í lífsleikni frá Lýðheilsustöð á Egilsstöðum í ágúst 2007.
- Skimun erfiðleika í stærðfræði með Talnalykli Endurmenntun Háskóla Íslands, 15. nóv. 2007.
- Mótun menntastefnu Fljótsdalshéraðs.

## Lokaorð

Hér að framan hefur verið farið yfir helstu atriði í starfsemi Skólaskrifstofunnar skólaárið 2007—2008.

Eins og fyrri starfsár hafa verkefni Skólaskrifstofunnar verið mörg og margvísleg. Forvarnarstarf hverskonar og fræðsla er enn mjög ríkur þáttur í starfsemi skrifstofunnar. Ekki verður dregin sú ályktun eftir skólaárið að ásókn í sérfræðiþjónustu til grunn—og leikskóla sé að minnka, þvert á móti. Þó svo að einstaklingsmálum hafi fækkað milli ára eru þau mál sem berast oft flóknari, erfiðari viðfangs og tímafrekari en áður.

Þá verður líka að taka það með í reikninginn að á síðasta skólaári var aukin áhersla í sálfræðiþjónustu með tímabundinni ráðningu sálfræðings.

Sú áherslubreyting sem varð á síðastliðnu skólaári að kennsluráðgjafar höfðu viðveru í skólunum hefur líklega einnig átt sinn þátt í fækkun einstaklingsmála milli ára, ásamt því að skólar eru færari um að sinna málum sem þeir gátu ekki áður.

Sérfræðingar skrifstofunnar hafa setið í fleiri teyllum sem hafa verið mynduð um einstaka nemendur og nemendahópa en áður hefur verið. Sú vinna hefur gefið góða raun. Framlag Skólaskrifstofunnar við innleiðingu Olweusarverkefnisins gegn einelti hefur verið umfangsmikið og erum við starfsfólk Skólaskrifstofunnar sannfærð um að það muni skila sér í betri líðan margra nemenda til framtíðar.

Líkt og undanfarin starfsár Skólaskrifstofunnar var endurmenntun kennara og annarra starfsmanna skóla fyrirferðamikill þáttur í starfi skrifstofunnar. Eins og fram kemur í skýrslunni hélt skrifstofan nokkur námskeið og fræðslufundi á starfsárinu. Eitt þeirra var tveggja daga námskeið í ágúst á Reyðarfirði: „*Árangursríkt og skapandi skólastarf*“ *Alls sóttu um 120 starfsmenn skóla þetta námskeið.* Í heildina sóttu rúmlega 200 kennarar endurmenntunarnámskeið Skólaskrifstofunnar í sumar. Þessi þáttur í starfi Skólaskrifstofunnar er sérstaklega ánægjulegur.


Ný lög um skóla sem hafa verið í undirbúningi á skólaárinu og voru samþykkt á vorþingi. Þetta er í fyrsta skipti sem heildstæð lög um skóla eru samþykkt á Alþingi. Í lögnum er lögð áhersla á samfellu og sveigjanleika milli skólastiga og litið á skólakerfið sem eina heild frá upphafi skólagöngu til loka framhaldsskóla. Ekki verður fjallað um einstaka þætti laganna í þessum orðum en þó má nefna þrjú atriði, ný ráðningarskilyrði starfsfólks sem vinnur með börnum, skólaráð og afnám samræmdra prófa í elstu bekkjum grunnskóla.

Með lagasetningunni munu sveitarfélög og íbúar þeirra öðlast enn víðtækari tækifæri til að hafa áhrif á skólastarf og þróunar menntunar í landinu.

Að lokum vill undirritaður þakka öllum, fyrir hönd stjórnar- og starfsfólks Skólaskrifstofu Austurlands, ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Jafnframt þakkar undirritaður starfsfólki vel unnin störf og stjórn ánægjulegt samstarf.

Reyðarfirði, í október 2008  
Sigurbjörn Marinósson





Skólaskrifstofa Austurlands  
Búðareyri 4  
730 Reyðarfjörður

☎: 474 1211

📠: 474 1311

✉: skolaust@skolaust.is

💻 [www.skolaust.is](http://www.skolaust.is)

